



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra
- Danmerkurferð Undraheima
- Útskriftarferð nemenda í 10. bekk
- Skólaslit
- Skólabyrjun
- Skólafærni
- Foreldradagur
- Vorhátíð
- Sumarást
- Skipulagsdagur

## Sumarást

Kæru nemendur/forráðamenn

Nú styttest í skólalok, sólin hátt á lofti og veðrið hefur leikið við okkur undanfarna daga.

Í Flórgoðanum eru skemmtilegar ferðasögur elstu nemenda skólans, upplýsingar um vorhátíð og annar fróðleikur.

Mikilvægt er að upplýsingar um ástundun nemenda séu réttar og því vil ég biðla til forráðamanna að upplýsa skólann þegar í stað ef nemendur eru í leyfi nú á vordögum. Sendi að lokum lítið sumarljóð.

*Umbúðalaust við vatnið sér unir,  
undurfagurt, kyrrt og svo tært.  
Leynt og ljóst ég vil að þú munir  
að leggja á minnið hve blikar það skært.*

*Aðgát skalt hafa í sumrinu bjarta  
varðveita og rækta, sem því er kært  
og ávallt að muna að ástfangið hjarta  
þarf ávöxtun svo það verði ekki sært.*

**Leifur S. Garðarsson**  
Maí 2009

## Skólabyrjun í haust

Starfsfólk Áslandsskóla mætir til starfa um miðjan ágústmánuð til undirbúnings fyrir skólaárið 2009-2010.

Nemendur mæta til starfa á skólasetningu föstudaginn 21. ágúst.

Vetrarfrí er í skólanum á næsta skólaári 29.-30. október 2009.

## Skipulagsdagur

Skipulagsdagur er í Áslandsskóla þriðjudaginn 26. maí. Þann dag vinnur starfsfólk að skipulagsstörfum og undirbúningi námsmats og skólaloka.

Heilsdagsskólinn er opinn þann dag. Þeir sem hyggjast nýta sér þá opnun hafa samband við skrifstofu skólans fyrir hádegi mánudaginn 25. maí.

Nemendur og starfsfólk eru síðan auðvitað í leyfi n.k. fmmtudag því þá er uppstigningardagur.

## GÓÐI segir:



Ég ætla að mæta á vorhátíð á laugardaginn.

## Höfum gaman saman á VORHÁTÍÐ Á LAUGARDAGINN

## Útskriftarferð nemenda í 10. bekk

Ferð 10. bekkja gekk framúrskarandi vel og voru nemendur skólanum til mikils sóma. Mikil kátína var í hópnum og lét enginn rigningu né rok hafa áhrif á góða skapið enda skemmtileg ferð.

Farið var í ratleik þar sem nemendur þurftu m.a. að banka upp á hús í Hveragerði og láta sjóða fyrir sig egg, sigið var í rólu yfir gil og má alveg segja að sumir þurftu virkilega að berja í sig kjarkinn en enginn hætti við.

Ferðin endaði svo með flúðasiglingu niður Hvítá.

### Skólaslit

**Skólaslit** eru þriðjudaginn 9. júní.

Nemendur mæta í heimastofur og halda þaðan á sal skólans. Þar mun skólastjóri spjalla við nemendur ásamt því að flutt verða tónlistaratriði. Að því loknu halda nemendur aftur í heimastofur og fá þar vitnisburð sinn.

**Nemendur í 1.-4. bekk** mæta kl. 9:00.

**Nemendur í 5.-7. bekk** mæta kl. 10:00.

**Nemendur í 8.-9. bekk** mæta kl. 10:30.

**Skólaslit** hjá 10. bekk eru kl. 12:00.

### Foreldradagur 8. júní

Foreldradagur er í Áslandsskóla mánudaginn 8. júní næstkomandi.

Þann dag koma forráðamenn með nemendum til viðtals hjá umsjónarkennara. Eins verða aðrir starfsmenn tiltækir til viðtals ef óskað er eftir.

Heilsdagsskólinn verður opinn á foreldradeginum og er það síðasti dagurinn sem opið er þar. Þeir sem hafa hug á að hafa börnin sín þar eru beðnir að snúa sér til skrifstofu skólans eigi síðar en fimmtudaginn 4. júní.



### Skólafærni

Í því skyni að leggja grunn að góðri samvinnu og ánægjulegu 10 ára samstarfi heimila og skóla ætla foreldrafélag og starfsfólk Áslandsskóla að standa fyrir námskeiði fyrir foreldra og forráðamenn barna sem hefja nám í 1. bekk nú í haust. Námskeiðið kallast **SKÓLAFÆRNI** og er foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu. Fyrri hluti námskeiðsins verður haldinn **þriðjudaginn 26. maí** og síðari hluti námskeiðsins verður haldinn **á haustdögum**. Námskeiðið hefst klukkan 18:00 báða dagana og lýkur stundvíslega klukkan 21:00. Boðið verður upp á léttan málsverð bæði kvöldin.

Dagskrá námskeiðsins er fjölbreytt og í höndum margra, bæði starfsmanna skólans, fulltrúa foreldra og gestafyrirlesara. Gert er ráð fyrir þátttöku beggja foreldra eða forráðamanna á námskeiðinu. Ömmur og afar, frænkur og frændur eða aðrir þeir sem standa barninu nálægt eru einnig boðin velkomin.

Af gefnu tilefni viljum við biðja þá foreldra sem eiga börn í Trölllaheimum—heilsdagsskóla—að virða þá reglu að hringja ekki og biðja um að fá að tala við börn sín á meðan á gæslu stendur.

## Danmerkurferð Undraheima

Við í 10.bekk ÁMH í Áslandsskóla fengum Dani í heimsókn til okkar, vikuna 24-28. febrúar. Við skoðuðum hina ýmsu hluti, þ.á.m. röltum við Laugavegin og Kringluna, skoðuðum Þingvelli, Gullfoss og Geysi, fórum í íslenska sundlaug og Bláa lónið og eins fóru sumir í keilu, teiti og bíó.

Við fórum svo mánuði seinna og heimsóttum þau, til Kibæk á Jótlandi. Við komum á mánudagskvöldi svo að það var ekki mikið sem við gerðum þann dag en á þriðjudeginum fórum við að skoða hæsta fjallið í Danmörku, hið mikla Himmelbjerget. Því næst skoðuðum við Marselisborg og inn til Árhúsa. Eftir að skoða safnið Den gamle by héldum við af stað í verslunarleiðangur en fyrst þurftum við að koma við í kirkju. Nokkrir skelltu sér í H&M og McDonalds sem var yndislegt. Um kvöldið var farið á handboltaleik hjá Silkeborg og Skjern, þar sem við fengum myndir af leikmönnum og kennarinn okkar fékk mynd af sér með Jesper Jensen.

Á miðvikudeginum hjóluðum við á kúabú í roki og kulda til þess að fara að skoða svartar og hvítar beljur. Seinna um daginn var svo haldið til Herning til þess að versla meira. Um kvöldið fóru margir heim til Line, sem er ein af dönsku stelpunum, og var farið í Singstar, dansleiki og slúðrað.

Á fimmtudeginum fórum við á strönd þar sem var ískalt. Eftir ísköldu strandarferðina fórum við á sædýrasafn og skoðuðum fiska. Síðan skelltum við okkur í risastóra innisundlaug þar sem var m.a. stökkpallar, öldur í vatninu, spa og rennibraut. Þar sáum við sjóðheita sundstráka.

Síðasta daginn var svo farið í fyrsta skiptið í skólann og búin til myndasýning úr myndunum frá Íslandi. Í hádeginu skelltu svo sumir sér í eina bakaríið í Kibæk. Eftir hádegi var haldið í Baboon City, sem er svipað og skemmtigarður nema bara inni. Um kvöldið skiptist hópurinn í tvennt þar sem helmingurinn fór til kærasta Tinu og dattu þar í feitt chill. En hinn helmingurinn fór til Kaspers F og köstuðu ostasnakki upp í hvort annað og spjölluðu saman.

Laugardagsmorguninn var svo haldið heim. Á lestarstöðinni var grátið og knúsað hvert annað bless. Það voru teknar margar myndir og myndbönd frá þessari OSOM ferð til Danaveldis.

Höfundar: Viktoría og Freyja (Gunnhildur veitti andlegan stuðning)



## Vor- og hverfahátíð Áslands

Laugardaginn 23. maí kl. 11.00 – 14.00

Kl 11:00

Setning vorhátíðar

Kl. 11.15

Áslandsskólahlaupið – mætum öll og hlaupum inn í sumarið

Kl 12:00

Mamma Mía, kór Áslandsskóla og blokkflautuhópur spilar

Kl 13:00

Birkir Ívar markmaður Hauka í handbolta reynir að halda markinu hreinu

Kl. 13.30

Reipitog

**11.30-14.00 Kaffihúsið – gómsætar veitingar við allra hæfi og ekki má gleyma pylsusölu eins og alltaf er að finna á vorhátíð.**

**Allan daginn verður í boði:**

Skátar með klifurvegg og fleira gaman  
Hoppukastalar, Mini Tívolí og Andlitsmálun

**Kl. 14.00 Vorhátíð lýkur**



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri